



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2026

UPPE2UM05

Uppeldis- og menntunarfræði - inngangur

Kennarar:	Sabína Steinunn Halldórsdóttir (SSH) sabina@fsu.is
-----------	--

Viðfangsefni:

Saga uppeldis og menntunar, þroskakenningar, áhrifavaldar í lífi barna, barnamenning o.fl.

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um uppeldis- og menntunarfræði sem fræðigrein, rætur hennar, sögu og hagnýtingu. Lögð er áhersla á að efla skilning á mikilvægi uppeldis og menntunar og að nemendur öðlist hæfni til að takast á við störf er tengjast uppeldi og menntun. Margs konar verkefni eru unnin í áfanganum og áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og virkri samvinnu við aðra í verkefnavinnu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur fái þjálfun í fjölbreytilegri gagnaöflun og í að kynna niðurstöður sínar skriflega og munnlega.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mótunaraðilum uppeldis og menntunar í samfélaginu
- áhrifum menningarþátta í samfélaginu á börn og unglinga
- kenningum sem hafa áhrif á uppeldi og menntun
- margvíslegum könnunum á uppeldi og menntun
- mikilvægi þeirra sem starfa með börnum og unglingum
- aðalatriðum í sögu uppeldis og menntunar
- samskiptaaðferðum og leiðum til að leysa ágreining í uppeldi
- störfum og markmiðum leikskóla

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita mismunandi samskiptaaðferðum og aðferðum við lausn uppeldislegs ágreinings
- miðla þekkingu sem hann hefur aflað sér í ræðu og riti
- beita mismunandi vinnubrögðum og tjáningarformum og greina hvaða vinnubrögð og tjáning hentar hverju verkefni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka ábyrga og sjálfstæða afstöðu til mála er varða uppeldi og menntun
- miðla þeirri afstöðu sinni á margvíslegan hátt
- greina uppeldisleg álitamál og draga ályktanir út frá ákveðnum forsendum og rökstyðja þær ályktanir

Námsefni:

- Kennslubókin Uppeldi - <https://vefbok.is/uppeldi/>
- Efni frá kennara
- ljósrit,
- annað efni sem að kennari bendir á,
- gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2	8.-10.jan	- Námsáætlun áfangans kynnt - Æfingar tengdar kennslubók	
3-4	12.- 23.jan	- Fjallað um fræðigreinina uppeldisfræði og sögu hennar - Farið yfir helstu stefnur og fræðimenn	Tímaverkefni Verkefni úr köflum 1 – 2
5-6	26.jan – 6.feb	- Samskipti við börn - Kynhlutverk og uppeldi	Tímaverkefni Verkefni úr köflum 4 – 5
7 – 8	9.feb – 20.feb	- Helstu þroskakenningar - Eriksson Piaget o.fl. - Fjölgreindakenningin - Miðannarmat 20.feb	Tímaverkefni Verkefni úr kafla 3 1. próf
9 - 10	23.feb – 6.mars	- Listir í lífi barna, barnamenning - Barnateikningar Vorfri 23.og 24.feb.	Tímaverkefni Verkefni úr köflum 6 – 7
11 - 12	9.mars – 20.mars	- Börn og bækur. - Börn og fjölmiðlar - Kátir dagar og Flóafár - 18.-20.mars	Tímaverkefni Verkefni úr köflum 8 - 9
13 – 14	23.mars – 27.mars	- Leikur og leikföng - Íþróttir og uppeldi - 27.mars – 7.apríl - Páskafrí	Tímaverkefni Verkefni úr köflum 10 - 11

		- 23. apríl Sumardagurinn fyrsti	
15 – 16	7.apríl – 17.apríl	- - Áföll og kvíðavaldar í lífi barna. - Börn og hjónaskilnaðir. - Lokaverkefni kynnt	Tímaverkefni Verkefni úr köflum 12 – 13
17	20.apríl – 24.apríl	Vinna við lokaverkefni	Milliskil á lokaverkefni föstudaginn 20.aprí. kl.12:00.
18 – 19	27.apríl – 8.maí	Vinna við lokaverkefni og kynningar.	
20	11. – 13.maí	Skráp tími	

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka bæði kaflapróf áfangans, skila verkefnum og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað, skili nemandi verkefni seint dregst 1 heill frá við hvern dag eftir skilafrest. Nemendur sem missa af kennslustundum eru ekki undanþegnir verkefnaskilum og skilfrestur á verkefnum stendur.

Áfanginn er lokaprófslaus en heildareinkunn verður að vera a.m.k. 4,5 til að standast áfangann.

Kynnið ykkur vel skólasóknarreglur!

[Reglur um svindl og notkun gervigreindar.](#)

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. [Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.](#)

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni	Verkefni annarinnar	50%
Kaflapróf	Tvö kaflapróf á önninni	15%
Lokaverkefni	Heimildaverkefni	20%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	15%
Samtals		100%

Ath. að dagsetningar geta breyst.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 6.janúar 2026

Sabína Steinunn Halldórsdóttir